

## SKRÁNING OG GREIÐSLUR

**Skráning:** Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu skólans eða í gegnum Minn Garðabæ. Skila þarf útfylltri umsókn á skrifstofu Sjálands-skóla eða til umsjónarmanns Sælukots. Staðfest skráning gildir fyrir allt skólaárið og allar breytingar á dvalartíma þarf að tilkynna fyrir 20. hvers mánaðar og taka þá breytingar gildi fyrir næsta mánuð.

**Gjald:** Gjaldskrá er auglýst á vef Garðabæjar og skal einnig vera hægt að nálgast hana hjá umsjónaraðilum tóms- stundaheimila. Gjaldskrá er byggð upp á 10 klst. Flokkum með jafnari greiðslu fyrir hverjar klst. Greiðslur fara í gegnum Garðabæ og greitt er mánuð fyrir fram. Ekki er tekið gjald fyrir ágúst og júní mánuð en rukkað er fullt gjald fyrir desember og páskamánuðinn.

Öllum börnum í 1.-4. bekk stendur til boða að vera á tóms- stundaheimilum á lengri dögum, s.s. á starfsdögum kennara, foreldraviðtölum, vetafríi, páskafríi og jólafríi. Gjald er reiknað út frá fjölda skráðra klukkustunda og miðast við tímagjald í auglýstri gjald- skrá.

## MIKILVÆG ATRIÐI

- Börn mega ekki taka með sér dót í Sælu- kot
- Ef breyting verður á svöl verður að láta umsjónarmann vita fyrir kl 13 sama dag annars verður farið eftir umsókn með dvöl í Sælukoti.
- Ekki er leyfilegt að láta börnin koma með skilaboð til starfsmanna um breytta dvöl þ.e.a.s. Eigi að labba/hjóla heim eða á æfingu, fara ekki á æfingu og þessháttar.
- Farsímar eru stranglega bannaðir og geyma skal síma í skólatöskum
- Ef barn í Sælukoti ætlar að fá að fara heim með öðrum í Sælukoti á að láta vita daginn fyrir. Ekki verður gefið leyfi til að hringja heim samdægurs og spyrja um leyfi.
- Börn fá ekki að hringja í foreldra nema að um neyðartilvik eða sér tilfelli sé að ræða.
- Foreldrar eru vinsamlegast beðnir að hringja ekki í Sælukot og láta senda börnin út til þeirra. Foreldrar eiga að koma inn og sækja börnin sjálf—ALLTAF.
- Muna að láta starfsmenn Sælukots vita þegar börnin eru sótt.
- Tilkynningar um breytta dvöl skal berast til umsjónarmanns fyrir 20. hvers mánaðar.

## Sælukot

TÓMSTUNDAHEIMILI  
SJÁLANDSSKÓLA

SKÓLAÁRIÐ 2014-2015



### Opnunartími:

Kl. 14:05-17:15  
alla virka daga

### Umsjónarmaður:

Birgitta Maggý Valsdóttir  
birgittava@sjalandsskoli.is

### Sími:

590-3100  
697-3368

## Sælukot

Tómstundaheimilið Sælukot er opið öllum nemendum í 1.– 4. bekk Sjálandsskóla og Alþjóðaskólanum.

Sælukot er staðsett á 2. hæð í nýja áfanga Sjálandsskóla og eru aðal höfuðstöðvar Sælukots. Einnig nýtum við okkur fleiri staði innan skólans s.s. tónmenntastofu, myndmenntastofu, íþróttahús og danssal. Börnin geta gengið í gegnum skólann þegar þau koma í Sælukot en þegar þau fara heim eða eru sótt eiga þau að nota inngang/útgang í nýju byggingunni, sunnan megin við Sjálandsskóla.

Starfsemi tómstundaheimilisins miðast við skólaárið eins og það er hverju sinni og kemur fram á skóladagatali. Í jóla-, páska- og vetrarleyfi er Sælukot opið frá kl. 8:30-17:15 nema á aðfangadag og gamlársgang.

Á starfsdögum skólans og þá daga sem kennsla fellur niður vegna nemenda- og foreldraviðtala er tómstundaheimilið opið allan daginn. Sækja þarf um vistun sérstaklega fyrir þessa daga.

## Skipulag

**Innskráning:** Börnin byrja daginn að láta merkja við sig þegar þau koma í Sælukot.

**Velja sér svæði:** Börnin velja sér svæði til að vera á, yfirleitt eru 3-4 svæði í boði á hverjum degi til að velja úr.

**Hressing:** Síðdegishressing er á dagskrá um 15 leytið. Í boði er að kaupa hressingu frá Skólamat og er greitt fyrir það sérstaklega. Senda þarf umsókn um það á skólamat@skolamat.is. Einnig geta börnin komið með nesti að heiman.

Eftir hressingu halda svæðin áfram, gjarnan skipta krakkarnir svo um svæði og er þeim frjálst að gera það.

Þegar líða fer undir lok dagsins er farið að ganga frá svæðum og sameinast í Sælukoti. Börnin sjá um í samvinnu starfsmanna um frágang á hverju svæði. og sjá krakkarnir í samvinnu með starfsmönnum um það.

### Dæmi um dagskipulag:

14:05: Börn mæta – innskráning

14:05-14:50: Útivist/val

14:50-15:20: Síðdegishressing

15:20-16:30: Hópastarf/val

16:30-17:00: Frágangur og róleg stund

17:15: Tómstundaheimili lokar

## Markmið

Markmið okkar í Sælukoti er að börnunum líði vel og hafi gaman af starfsemiinni. Í Sælukoti kappkostum við að bjóða börnunum upp á fjölbreytt og skemmtilegt starf þar sem hver og einn getur fundið eitthvað út frá sínu áhugasviði.

Endilega sendið umsjónarmanni línu ef einhverjar spurningar vakna eða ef þið hafið einhverjar ábendingar um það sem betur má gera.

Við erum alltaf opin fyrir góðum hugmyndum og einnig finnst okkur voða gaman ef okkur er hrósað fyrir vel unnin störf :)